


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 4	ÍSLE2KB05	
	Námsáætlun vorönn 2016	

Kennari	Benedikt Bragason, Kristín Árnadóttir, Rannveig Karlsdóttir, Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.st.	BEB, KRÁ, RAN, PHJ
----------------	--	---------------	-----------------------

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um upphaf og sögu íslenskrar ritmenningar og þróun hennar fram til nútímans. Fjallað verður um íslenska bókmenntasögu og hin ýmsu tímabil hennar. Lesnir verða valdir bókmenntatextar frá umræddum tímabilum, unnið með þá með ýmsu móti og leitast við að setja íslenskar bókmenntir í samhengi við evrópskar bókmenntir og menningu. Nemendur verða jafnframt þjálfaðir í notkun bókmenntahugtaka og heimildavinnu. Áhersla lögð á fjölbreytt og skapandi verkefni sem nemendur vinna, ýmist hver fyrir sig eða með öðrum, og reyna á sjálfstæð vinnubrögð og hæfni nemenda, auka víðsýni og gagnrýna hugsun. Viðfangsefni verða tengd við menningarviðburði í nærsamfélaginu eftir því sem færi gefst.


Markmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- upphafi íslenskrar ritmenningar
- íslenskri bókmenntasögu frá landnámi til nútímans
- mismunandi tegundum bókmennta
- nokkrum lykilverkum íslenskra bókmennta
- tengslum íslenskra bókmennta við evrópska menningu
- grunnhugtökum í bókmenntafræði
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa bókmenntatexta frá ýmsum tímum sér til gagns
- greina bókmenntatexta frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra á skapandi hátt
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- nota heimildir og hjálpargögn með markvissum hætti
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum
- nota heimildir af ýmsu tagi og geta fléttað efni þeirra saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 4	ÍSLE2KB05	
	Námsáætlun vorönn 2016	

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í málefnalegum umræðum í tengslum við verkefnavinnu og -skil, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- túlka texta þótt merkingin liggi ekki á yfirborðinu
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

Námsgögn:

Ekki verður stuðst við ákveðnar kennslubækur en nemendum þess í stað vísað á þær bækur/kennslubækur sem til eru um þessi tímabil. Þó er mælt með að nemendur eigi og noti **Handbók um ritun og frágang** e. Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal frá árinu 2010 (MM). Einnig verður stuðst við **ÍSLE2KB05, hefti með sameiginlegum textum** sem fást á skrifstofu VMA.

Áætlun um yfirferð

1. Iota 6. janúar – 5. febrúar (4 – 5 vikur) Miðaldir

Inngangur, kynning, stutt upprifjun á vinnubrögðum við notkun og frágang heimilda. Stutt innlegg/yfirferð á bókmenntasögu miðalda og Íslandssögu. Stutt krossapróf úr framangreindri bókmenntasögu sem gildir 5% af lokaeinkunn.

Stutt sameiginleg verkefni/lesnir lykiltexar úr leshefti.

Nemendur velja síðan viðfangsefni úr bókmenntum tímabilsins, bæði í bundnu og óbundnu máli, vinna með þau með ýmsum hætti og kynna niðurstöðurnar fyrir samnemendum sínum. Verkefnin gilda 10% af lokaeinkunn.

Samanlagt vægi lotunnar er 15%.


2. Iota 8. febrúar – 18. mars (6 vikur) Frá siðaskiptum til raunsæis Tímabilið 1550 – 1900.

a) Lærdómsöld og upplýsingaröld.

Stutt innlegg og umfjöllun um Íslands- og bókmenntasögu tímabilsins. Lesnir valdir lykiltexar.

b) Rómantik og raunsæi.

Stutt innlegg og umfjöllun um Íslands- og bókmenntasögu tímabilsins og fjallað um tengsl við aðrar listgreinar, svo og evrópskar bókmenntir. **Stutt krossapróf úr öllum stefnunum sem gildir 5% af lokaeinkunn.** Lesnir valdir lykiltexar úr leshefti.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt: HJS		
Síða 3 af 4	ÍSLE2KB05	
	Námsáætlun vorönn 2016	

c) Verkefnavinna

Nemendur velja sér viðfangsefni úr framangreindum stefnum og vinna bæði stutt **heimildaverkefni (7%)** og ýmis konar **skapandi verkefni (8%)** og kynna niðurstöður þeirra síðarnefndu fyrir samnemendum sínum. **Verkefni gilda samanlagt 15% af lokaeinkunn.**
Samanlagt vægi lotunnar er 20%.

3. lota 29. mars – 6. maí (6 vikur) Nútímabókmenntir (Ath. að páskafrí kemur inn á undan þessari lotu.)

a) Farið yfir helstu **bókmenntastefnur 20. og 21. aldar**, þær skýrðar og skilgreindar í stuttum netverkefnum sem nemendur skila inn á Moodle. **Vægi til lokaeinkunnar 10%**

b) **Tímabilið 2000- 2015. Bókmenntir samtímans.**

Stutt innlegg og umfjöllun um bókmenntir síðustu áratuga. Nemendur velja sér viðfangsefni (heildstætt verk) frá framangreindu tímabili, vinna ýmis konar skapandi verkefni og kynna niðurstöðurnar fyrir samnemendum sínum. **Vægi til lokaeinkunnar 15%.**

Samanlagt vægi lotunnar 25%.

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA.


Verkefni/námsmat:

Krossapróf úr miðaldabókmenntasögu	5%
Verkefni úr miðaldabókmenntum	10%
Krossapróf úr 1550 – 1900	5%
Verkefni úr 1550 – 1900	15%
Verkefni úr 1900 – 2015 (bókmenntastefnur)	10%
Verkefni úr samtímabókmenntum	15%
Lokapróf	40%

Nemandi sem er veikur á prófdegi eða við önnur verkefnaskil annarinnar skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann rétt til upptökuprófs. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Reglur um verkefnaskil

Nemendum ber að skila verkefnum á tilsettum tíma en undanþágur frá skilareglum eru aðeins veittar vegna veikinda eða af öðrum ófyrirsjáanlegum ástæðum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 4	ÍSLE2KB05	Námsáætlun vorönn 2016

Ef vanskil verða á verkefnum lækka einkunnir þeirra sem hér segir:

- 1 virkur dagur 0,5
- 2 virkir dagar 1
- 3 virkir dagar 1,5
- 4 virkir dagar 2

Frá og með fimmta degi verður ekki tekið við verkefnum nema til komi framangreindar undanþágur.

Þessar reglur gilda einnig um munnleg skil.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Dagsetning: 28/4 2016

Kristín Aruad.
Undirritun kennara

Ashjörg Benedikt.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils